


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	<b>Námsáætlun DAN2LN05 (Fjarnám)</b>	
	<b>Vorönn 2017</b>	

<b>Kennari</b>	<b>Annette J. de Vink</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>AJV</b>
----------------	---------------------------	---------------	------------

### Áfangalýsing:

Markmið áfangans er að leggja grunn að því að nemandinn geti notað dönsku til samskipta við Dani og aðra Norðurlandabúa sem og lesið sér til gagns um ýmis efni á dönsku. Nemandinn æfir hlustun, tal, lestur og ritun. Læsi er þjálfað með því að lesa fjölbreytta texta. Þá þjálfast nemandinn í að hlusta á talað mál af ýmsum miðlum, tjá sig á dönsku, skriflega og munnlega. Í áfanganum er kynning á sænsku og norsku bæði munnlega og skriflega. Lögð er áhersla á að efla samvinnu milli nemenda. Einnig er lögð áhersla á að nemandinn beri ábyrgð á eigin námsframvindu og sé meðvitaður um mismunandi aðferðir til að tileinka sér tungumál. Nemandinn fær áfram þjálfun í að nota hjálpargögn og kennsluforrit í námi sínu. Kennsla fer fram á dönsku að miklu leyti.

### Markmið:

#### **Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- dönsku máli, danskri menningu og tengslum Íslands og Danmerkur
- helstu einkennum danskrar tungu í framburði og rituðu máli
- skyldleika norðurlandamála
- helstu hjálpargögnum

#### **Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**


- hlusta á danskt mál og skilja meginmál t.d. í fréttum og í leiknu efni
- lesa sér til gagns og ánægju texta um margvísleg málefni
- tjá sig skýrt í ræðu og riti um málefni sem hann hefur kynnt sér

#### **Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- skilja talað mál í samtali og í fjölmiðlum og átta sig á inntaki þess
- skilja inntak ritmáls um almenn og sérhæfð efni sem hann þekkir til eða hefur áhuga á
- nýta nýjan orðaforða bæði munnlega og skriflega
- nýta dönsku í samskiptum við Dani og að einhverju leyti í samskiptum við aðra Norðurlandabúa
- auka meðvitund um eigin færni í tungumálinu og eigin leiðir til að tileinka sér málið
- leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra

### Námsgögn:

1. **2 námshefti** DANS2LN05, tekster, opgaver og noveller (á Moodle)
2. Dönsk-Íslensk-dönsk orðabók að eigin vali. Fæst í bókabúðum.
3. Kvikmynd: *Den unge Andersen* (á Moodle)

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	<b>Námsáætlun DAN2LN05 (Fjarnám)</b>	
	<b>Vorönn 2017</b>	

### Áætlun um yfirferð:

Í hverri viku liggja fyrir leiðbeiningaskjal, verkefnaskjal og lausnaskjal.

Í hverri viku vinna nemendur verkefni sem tengjast lesefni í námsheftunum.

Í hverri viku eiga nemendur að vinna nokkur prófverkefni (gagnvirk) og skila verkefni í skilakassa í Moodle (skilaverkefni). Nokkur verkefni eiga nemendur sjálfir að fara yfir og eru lausnir í lausnaskjalinu.

Nemendur hafa hálfan mánuð til að skila verkefnum og það er ekki hægt að skila eftir þann tíma.

Vika	Námsefni úr heftunum	Annað
5	Slog kioskbestyrrer ned under røveri (bls.3) SMS (novelle) (bls.6)	
6	Mie: jeg blev standset (bls.10) Novelle: Enhver kan jo tage fejl	
7	Bjergklatrer øver sig (bls.15) Armen revet av... (norsk tekst) (bls.21)	
8	Det kolde gys (bls.25) Novelle: Historien om en mor	
9	Unge iværksættere (bls.30)	
10	Da Rasmus og Jakob blev hakere (bls.39) HC Andersen (film)	Film-opgave (10%;
11	HC Andersen og eventyrspillet (bls.45)	Eventyr-opgaven (10%)
12	Barbiedrømmen (bls.51) Novelle: Sex	
13	Nabosprog undervisning (bls.59) Nordjobb og erfaringer med nordjobb (bls.61)	
14	Utländska studenter (svensk tekst) (bls.66) Novelle: Den sidste fyr	
15/16	(páskahlé) Tjuven satt fast i lufteanlægget (norsk tekst) (bls.69) Novelle: En flinker fyr	
17	Kroppen var tæt på at brænde sammen (bls.70)	
18	UPPRIFJUN	


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	<b>Námsáætlun DAN2LN05 (Fjarnám)</b>	<b>Vorönn 2017</b>

**Námsmat og vægi námsþátta:**

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
Skriflegt próf	* <u>LOKAPRÓF</u> úr textaheftum og málfræði ásamt ólesnum texta		50%
Annað	próf úr kvikmynd (10%), ævintýri (10%)		20%
Vinnueinkunn	Öll önnur skilaverkefni og próf á Moodle		30%
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>
<b>*Nemandi þarf að ná 40% árangri á lokaprófinu til að vetrareinkunn reiknist til hækkunar</b>			

**Dagsetning: 27.01.2017**

  
Undirritun kennara

  
Undirritun/brautarskj., fagstj eða staðgengils

